



VEL3A05

Námsáætlun, haustönn 2020

Kennari/kennarar:

Guðný María Jónsdóttir

Netfang/netföng:

gudny@bhs.is

Lýsing:

Í áfanganum fá nemendur tækifæri til að takast á við ýmis leikhlutverk og æfast frekar í sviðsleik. Jafnframt því bregða nemendur sér í hlutverk leikstjóra og listrænna stjórnenda. Nemendur leika og sviðsetja stutt atriði úr þekktum leikverkum eða kvikmyndum sem valdar eru í samráði við kennara. Nemendur eru hvattir til að gera tilraunir með umgjörð, svo sem lýsingu, hljóðmynd, form og leikstíla. Nemendur sviðsetja einnig atriði úr völdum íslenskum og erlendum verkum. Í áfanganum er leitast við að þjálfarar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og þeir nýti sér þann grunn sem þeir hafa hlotið í námi sínu í leiklist, lita- og formfræði, kvikmyndun, handritsskrifum og leiklistarsögu. Lögð er áhersla greiningu, tilraunastarfsemi og samvinnu. Nemendum er kynnt inntökuferli á sviðslistabraut á háskólastigi og hver og einn undirbýr sig fyrir slíkt ferli.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemendur eflast í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur æfast við sviðsetningu texta með tilliti til mismunandi leikstíla og listrænnar umgjörðar. Að nemendur læri að treysta á eigið innsæi og þekkingu og geti nýtt sér við sviðsetningu og hönnun listrænnar umgjörðar. Að nemendur æfist í skipulögðum vinnubrögðum í skapandi ferli og geti útfært eigin hugmyndir og stýrt öðrum. Að nemendur þekki leiðir til uppbyggilegrar gagnrýni og þjálfist í samvinnu. Að nemendur geti undirbúið sig undir inntökuprófsferli á háskólastigi.

Námsmat:

- Verkefni 1 – 20% - senuvinna
- verkefni 2 - 20% - ljóðaprógram
- verkefni 3 - 20% - huti lokaverkefnis
- verkefni 4 – 20% - hluti lokaverkefnis
- leikhússkýrslur – 20% (eða umfjöllun um aðra menningarviðburði ef ekki verður hægt að fara í leikhús)

Námsgögn:

Ljósrit sem kennari útvegar

Aðrar mikilvægar upplýsingar:



Borgarholtsskóli

Nemendur kaupa miða eða kort í leikhús ef leikhúsferðir verða leyfðar á önninni. Nemendur mæta í mynd í tíma þegar eða /ef fjarkennsla fer fram.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	18.-21. ágúst	Áfangi kynntur – kvikmynda/-þáttaatriði – verkefni 1	
35	24.-28. ágúst	Raðað í hlutverk – handrit tilbúin	
36	31. ág.- 4. sept.	Æfingar – sviðsetning verkefni 1	
37	7.-11. sept.	Æfingar – sviðsetning verkefni 1	
38	14.-18. sept.	Sýning á verkefni 1	
39	21.-25. sept.	Innlögn verkefni 2 – íslenskt viðfangsefni	
40	28.sept- 2. okt.	Æfingar á verkefni 2 og – Shakespeare annarinnar	Varða I
41	5.-9. okt.	Æfingar á verkefni 2	
42	12.-16. okt.	Verkefni 3 kynnt: lokaverkefni: Inntökuprófsferli í LHÍ Æfingar + sýning verkefni 2	
43	19.-23. okt.	Verkefni 4 – innlögn	Hausthlé
44	26.-30. okt.	Æfingar á verkefni 4	
45	2.-6. nóv.	Æfingar á verkefni 3 og 4	Varða II
46	9.-13. nóv.	Æfingar á verkefni 3 og 4 -	
47	16.-20. nóv.	Æfingar á verkefni 3 og 4 - verkefn 2 flutt aftur í tengslum við Dag íslenskrar tungu 16. nóvember	
48	23.-27. nóv.	Sýning á verkefni 4	
49	30.nóv.- 4. des.	Skil á verkefni 3: Inntökuprófsæfing	
50	7.-11. des.	Uppgjör á áfanga. Verkstæði 2, vorönn 2020 - skipulag og umræður	Kennslu lýkur
51	14.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.